




ROLEX
OYSTER PERPETUAL
DATEJUST 41




MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

Gjaldtaka sveitarfélaga eykst ár frá ári

Þorvaldur Gissurarson, forstjóri ÞG Verks, segir að á Hafnartorginu hefði mögulega verið vænlegra að byggja ódýrari íbúðir eða blanda saman ódýrari íbúðum og gæða íbúðum. „En við erum ánægð með útkomuna, íbúðirnar eru glæsilegar.“ > 6



Öll þessi gjaldtaka, hvaða nafni sem hún nefnist, lendir á endanum hjá neytandanum.

FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI



»2
Fjórðungshluttur verði seldur í hlutafjárútboði
Bankasýslan leggur til að annaðhvort útboðsleið eða uppboðsleið verði farin við sölu á Íslandsbanka. Tillögur stofnunarinnar voru kynntar ráðherranefnd um efnahagsmál í síðasta mánuði. Varaformaður Framsóknar segir mikilvægt að uppfæra eigendastefnu ríkisins frá 2017.

»4
Síminn kann að hafa brotið gegn sátt við SKE
Samkvæmt frummati Samkeppniseftirlitsins kann Síminn að hafa farið í bága við samkeppnislög og brotið gegn sátt. Forstjóri Símans segir matið háð miklum fyrirvörum.

»10
Á grænni grein
„Nú loksins þegar hillir undir lok „Vaxtaparadísar Norðursins“ væri verulega sorglegt ef heimili og fyrirtæki fengju ekki að njóta,“ segir Agnar Tómas Möller, forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpiter, í aðsendri grein.

**Leica EYECARE**



Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Novator og Hilmar fjárfesta í bresku tölvuleikjafyrirtæki

Novator, fjárfestingafélag Björgólfs Thors Björgólfs-sonar, hefur fjárfest í breska tölvuleikjafyrirtækinu Lockwood Publishing ásamt Hilmarí Veigari Péturssyni, forstjóra CCP. Fyrirtækið var stofnað af Íslendingnum Haraldi Þór Björnssyni árið 2009.

„Við vorum í mörgum verkefnum sem verktakar fyrir Sony og vorum meðal annars aðalverktakinn við gerð Playstation Home. Síðan fórum við að gefa út okkar eigið efni fyrir um sex til sjö árum,“ segir Haraldur Þór, framkvæmdastjóri Lockwood, sem nam arkitektúr við Oxford áður en hann tók stefnu á tölvuleikjaheiminn á tíunda áratugnum.

Lockwood Publishing gefur út leikinn Avakin Life á snjallsímum en yfir milljón manns spila leikinn á hverjum degi. Um er að ræða eins konar sýndarheim og samfélagsnet þar sem notendur eiga í samskiptum hverjir við aðra í gegnum karaktæra sem þeir stjórna.

Frá stofnun Lockwood hefur fyrirtækið vaxið ört en Haraldur Þór segir að umsvifin hafi tvöfaldast á hverju ári í fjögur ár. Velta síðasta árs nam 18 milljónum punda og og alls starfa 115 starfsmenn hjá fyrirtækinu. „Þetta er mjög erf-

18

milljónir punda var velta Lockwood Publishing á síðasta fjárhagsári.

íður markaður en hann er risastór þannig að ef vel tekst til þá getur þetta orðið mjög spennandi.“

Davíð Helgason, einn af stofnendum Unity, hefur tekið við stjórnarformennsku félagsins en hann fjárfesti í því fyrir um ári. Þá hafa

Birgir Már Ragnarsson og Andri Sveinsson, meðeigendur í Novator, einnig tekið sæti í stjórninni í kjölfar fjárfestingarinnar. - þfh



MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

Fjórðungshluttur verði seldur í hlutafjárútboði

Bankasýslan leggur til að annaðhvort útboðsleið eða uppboðsleið verði farin við sölu á Íslandsbanka. Tillögur stofnunarinnar kynntar ráðherranefnd um efnahagsmál í síðasta mánuði. Varaformaður Framsóknar segir mikilvægt að uppfæra eigendastefnu ríkisins fyrir sölufarli á bönkunum.

Bankasýsla ríkisins horfir til þess að farin verði sú leið við næsta skrefi sölufarli bankanna að fjórðungshluttur verði seldur að lágmarki í Íslandsbanka með hlutafjárútboði og tvíhliða skráningu á markað eða allt að hundrað prósent hlutur með uppboðsleið þar sem aðrir bankar og fjárfestingasjóðir myndu gera tilboð í bankann.

Þetta var á meðal þess sem kom fram í minnisblaði stofnunarinnar, sem heldur utan um eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, og var lagt fram á fundi ráðherranefndar um efnahagsmál og endurskipulagningu fjármálakerfisins fyrir um tveimur vikum, samkvæmt heimildum Markaðarins. Ekkert hefur hins vegar enn verið ákveðið af hálfu stjórnvalda um hvenær eigi að hefja sölufarli á hlut í öðrum hvorum bankanna – Íslandsbanka eða Landsbankanum – sem eru í eigu ríkissjóðs.

Bókfært eigið fé Íslandsbanka og Landsbankans nam samtals rúmlega 415 milljörðum króna um mitt þetta ár. Sé tekið mið af núverandi gengi bréfa Arion banka, sem var skráður á hlutabréfamarkað á Íslandi og í Svíþjóð í fyrra, má hins vegar áætla að samanlagt virði hlutafjár hinna bankanna sé um 300 milljarðar króna.

Sú leið sem Bankasýslan leggur til í minnisblaðinu felur í sér tvíhliða sölufarli á Íslandsbanka. Þannig yrði boðað til uppboðsleiðar, sem alþjóðleg fjármálastofnun hefði umsjón með, þar sem leitað yrði til boða í allt að hundrað prósent hlut frá bönkum og fjárfestingasjóðum, erlendum sem og innlendum, í opnu sölufarli.

Samhliða því ferli yrði einnig boðað til almenns hlutafjárútboðs og skráningar á bankanum með það að markmiði að selja sem fyrr segir



Allt hlutafé Íslandsbanka er í eigu ríkissjóðs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

að lágmarki fjórðungshlut. Áætla má að slíkur hluttur í Íslandsbanka sé metinn á liðlega 30 milljarða króna. Ef þau tilboð sem myndu berast í gegnum uppboðsleiðina væru ekki í samræmi við væntingar stjórnvalda, meðal annars hvað verð varðar, væri í framhaldinu hægt að taka þá ákvörðun að halda áfram með útboðsleiðina.

Lilja Alfreðsdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins og einn ráðherra í ráðherranefnd um efnahagsmál, segist í samtali við Markaðinn leggja mikla áherslu á að eigendastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki frá 2017 verði uppfærð áður en sala á bönkunum hefjist og það liggi eins skýrt fyrir hver eignarhluttur ríkisins eigi að vera að loknu sölufarlinu. „Mikilvægt er að þetta verði gert með opnum og gagnsæjum hætti,“ útskýrir Lilja, „sem verði þannig til þess fallið að búa til traust almennings gagnvart ferlinu og í garð fjármálakerfisins.“

Niðurstöður starfshóps sem skilaði af sér hvítbók um fjármálakerfið í lok síðasta árs voru meðal annars þær að rök væru fyrir því að dregið yrði úr viðtæku eignarhaldi íslenska ríkisins í fjármálafyrirtækjum, sem er margfalt meira en þekktist í öðrum Evrópuríkjum, til þess að minnka áhættu, fórnarkostnað og neikvæð samkeppnisáhrif.

Ólíklegt er hins vegar talið, eins og Bankasýslan benti á í umsögn sinni til starfshópsins, að hægt verði að selja eignarhluti í Íslands-

416

milljarðar er samanlagt bókfært eigið fé Íslandsbanka og Landsbankans

banka eða Landsbankanum til erlends banka. Sú skoðun hafi að mestu verið staðfest í reglulegum samskiptum Bankasýslunnar við alþjóðlega fjárfestingabanka og þá hafi verið litið um yfirtökur og samruna á bönkum milli Evrópulanda eftir alþjóðlegu fjármálakreppuna haustið 2008.

Arion banki var fyrsti íslenski bankinn til að vera skráður á hlutabréfamarkað eftir fjármálahrunið 2008 – bæði í kauphöllina á Íslandi og í Svíþjóð – þegar Kaupþing seldi samtals um 29 prósent í alþjóðlegu hlutafjárútboði á gengi sem nam um 0,67 miðað við þáverandi bókfært eigið fé hans.

Ári síðar hefur Kaupþing losað um allan eignarhlut sinn í Arion banka og er meirihluti eigenda bankans erlendir bankar og fjárfestingasjóðir auk þess sem íslenskir lífeyrissjóðir eiga samanlagt liðlega tuttugu prósent hlut. hordur@frettabladid.is

Félag Heiðars tapaði 800 milljónum

Fjárfestingafélag Heiðars Guðjónssonar, forstjóra Sýnar, tapaði samtals 787 milljónum króna á árinu 2018 borið saman við hagnað upp á 189 milljónir króna árið áður. Þar munaði mestu um neikvæða óinnleysta gengisbreytingu hlutabréfa, en Heiðar á um níu prósent hlut í Sýn, að fjárhæð 588 milljónir króna.

Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi Ursus ehf. en eigið fé félagsins nam aðeins 25 milljónum króna í árslok 2018. Eignir Ursus námu á sama tíma tæplega 2.150 milljónum króna og var eiginfjárlutfallið því rétt yfir eitt prósent. Heildarskuldir Ursus voru rúmlega 2.120 milljónir og þar af námu skammtímaskuldir, meðal annars gengistryggt lán, samtals 1.500 milljónum króna.

25

milljónir króna var eigið fé Ursus í árslok 2018.

Eignir félagsins samanstanda einkum af skráðum og óskráðum hlutabréfum en í árslok 2018 var bókfært virði þeirra um 1.700 milljónir króna. Þar munaði mestu um eignarhlut félagsins í Sýn sem er metinn á um 990 milljónir. Þá eru hlutabréf í P190, móðurfélagi Ásbrúar sem selur íbúðir á gamla varnarliðssvæðinu á Reykjanesi, bókfærð á 400 milljónir, og bréf í HSV eignarhaldsfélagi, sem heldur



Heiðar Guðjónsson, forstjóri Sýnar.

utan um hlut í HS Veitum, eru metin á 258 milljónir.

Heiðar, sem tók við starfi forstjóra Sýnar fyrr á árinu, er á meðal stærstu hluthafa félagsins en hlutabréfaverð þess lækkaði um liðlega 38 prósent á árinu 2018. Það sem af er þessu ári hefur gengi hlutabréfa Sýnar fallið í verði um þriðjung til viðbótar en afkomuspá fyrirtækisins hefur í fjörgang verið lækkuð á síðastliðnum níu mánuðum. – hae

Morgunfundur

um heilsueflandi vinnustaði

FARA TEYMISVINNA OG VELLÍÐAN SAMAN?

Grand Hótel
fimmtudag
12. september
kl. 8.15-10.00

Nánari upplýsingar og skráning á virk.is

Dr. Henning Bang
prófessor við Oslóarháskóla:
What characterizes teamwork that creates great results and makes team members happy?

Valgerður Hrund Skúladóttir
framkvæmdastjóri Sensa:
Er hægt að kaupa heilann í fólki? Teymisvinna í þekkingarfyrirtækjum.

HEILSUEFLANDI vinnustaður

VIRK STARFSSENDUNARHATINGSÖÐUR

Embætti landlæknis

VINNUEFTIRLITIÐ



VOLVO XC JEPPARNIR

HANNAÐIR FYRIR ÞIG

Það er ekki hægt að hanna einn jeppa sem hentar öllum. Þess vegna hönnuðum við þrjá. XC jepparnir eru hannaðir fyrir útivistina, íþróttirnar, dagsins önn, tónlistina, ferðalagið, fjölskylduna og með okkar sýn á lúxus – hver á sinn hátt. Allir eru þeir hannaðir fyrir þig og þinn lífstíl.

Veldu þinn Volvo XC jeppa



VOLVO XC40 AWD

XC40 AWD D4 dísil verð frá: 6.590.000 kr.

VOLVO XC60 AWD

XC60 AWD T8 tengivinn verð frá: 8.890.000 kr.

VOLVO XC90 AWD

XC90 AWD T8 tengivinn verð frá: 10.690.000 kr.



Brimborg Reykjavík
Bíldshófi 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is

Síminn kann að hafa brotið gegn sátt

Samkvæmt frummati Samkeppniseftirlitsins kann Síminn að hafa farið í bága við samkeppnislög og brotið gegn sátt. Forstjóri Símans segir matið háð miklum fyrirvörum.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Síminn kann að hafa brotið gegn samkeppnislögum og sátt við Samkeppniseftirlitið með því að tvíanna saman fjarskiptaþjónustu og sjónvarpsefni. Þetta er niðurstaða frummats Samkeppniseftirlitsins en forstjóri Símans segir matið háð miklum fyrirvörum og niðurstöðuna byggja á skorti á gögnum.

Í árshlutauppgjöri sínu greindi Síminn frá því að Sýn hefði lagt fram kvörtun til Samkeppniseftirlitsins vegna fyrirkomulags við sölu á útsendingum frá ensku úrvalsdeildinni og gert kröfu um heildsöluaðgang að SíminnSport. Samkeppniseftirlitið birti frummat sitt í júlí og í kjölfarið náðust samningar milli Símans og Sýn um heildsöluaðgang.

Niðurstaða frummatsins var sú að Heimilispakkinn sem Síminn býður upp á, ásamt Sjónvarpi Símans Premium og því að bæta enska boltanum við Heimilispakkann, kynni að fara í bága við ákvæði sáttar við Samkeppniseftirlitsins í tengslum við samruna Símans og Skjásins árið 2015.

Samkvæmt heimildum Markaðarins kom einnig fram að pakkatilboð Símans kynnu að fara í bága við ákvæði sáttar um tengsl Símans og dótturfélagsins Mílu frá árinu 2013. Brot á þeim fyrirmælum sem koma fram í sátt geta varðað viðurlög á borð við stjórnvaldssekt. Þá telur Samkeppniseftirlitið vísbendingar um að pakkatilboðin fari í bága við samkeppnislög.

Orri Hauksson, forstjóri Símans, segir í svari til Markaðarins að



Síminn vinnur að því að skila gögnum og svörum við því sem kemur fram í frummatinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Síminn hafi ekki brotið gegn sáttinni sem var gerð árið 2013 við Samkeppniseftirlitið. Félagið hafi kostað miklu til í þeim tilgangi að tryggja að sáttinni yrði fylgt í hvívetna. „Síminn er sannfærður um að félagið hafi starfað í hvívetna í samræmi við markmið og tilgang sáttarinnar. Auk þess fjallar sú sátt fyrst og fremst um innviði Mílu og jafnan aðgang þar að, en ekki sjónvarpsmál. Aðgangur að innviðum Mílu er jafn öllum fjarskiptafélögum á Íslandi,“ segir Orri.

Samkeppniseftirlitið lagði fram skilgreiningar á markaðsráðandi stöðu Símans en Orri segir að frummatið sé háð miklum fyrirvörum af hálfu Samkeppniseftirlitsins sem hafi tekið fram að tilgangurinn væri að afla sjónarmiða og gagna til að meta málið frekar.

„Það eru sannarlega margir þættir sem eru órannsakaðir og sumar ályktanir eðlilega byggðar á getgátum, vegna skorts á gögnum og sumpartinn vegna þess að Samkeppniseftirlitið hefur að mati Símans fengið villandi upplýsingar frá þeim sem kvörtuðu,“ segir Orri og tekur fram að nýjar skilgreiningar Samkeppniseftirlitsins á mörkuðum standist ekki að mati Símans.

Verð hækki með milliliðum
Síminn vinnur nú að því að skila gögnum og svörum við því sem kemur fram í frummatinu. Orri segir að hið rétta sé að framboð Símans leiði til þess að viðskiptavinir hafi fleiri valkosti en áður og fái þeir aukið frelsi um kaup á afþreyingarefni á lægra verði en oft áður.

Það eru sannarlega margir þættir sem eru órannsakaðir og sumar ályktanir eðlilega byggðar á getgátum vegna skorts á gögnum.



Orri Hauksson, forstjóri Símans

„Það leikur enginn vafi á því að viðskiptavinir, óháð því á hvaða kerfi þeir eru, fagna því að geta keypt löglegan aðgang að ensku úrvalsdeildinni á 4.500 krónur í stað 15.000 króna sem það var lengi

Deilt um dreifingu á sjónvarpsefni

Síminn og Vodafone hafa átt í ágreiningi í tengslum við dreifingu á sjónvarpsefni um nokkurra ára skeið. Póst- og fjarskiptastofnun komst að þeirri niðurstöðu árið 2018 að Síminn hefði farið gegn fjölmiðlalögum og lagði stofnunin á sekt að fjárhæð 9 milljónir króna.

Í kjölfarið sendi Sýn kröfu til Símans um greiðslu skaðabóta að fjárhæð 1,9 milljarða króna sem Síminn hafnaði. Visaði Héraðsdómur Reykjavíkur kröfu Sýnar frá dómi vegna vanreifunar en Sýn lagði fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna.

Þá hefur Gagnaveita Reykjavíkur sent Símanum kröfu um greiðslu að fjárhæð 1,3 milljarða króna. Hefur þeirri kröfu einnig verið hafnað af hálfu Símans sem telur hana tilhæfulausa.

Í kjölfarið lagði Sýn fram kvörtun til Samkeppniseftirlitsins vegna fyrirkomulags við sölu á útsendingum frá ensku úrvalsdeildinni og gerði kröfu um heildsöluaðgang að SíminnSport.

vel. Þá eru margar forsendur sem stofnunin leggur upp með í andstöðu við það sem hefur áður komið fram að mati Símans.“

Þá segir Orri að matið byggji á áhyggjum af þróun sem ekki sé að eiga sér stað og muni ekki eiga sér stað. „Síminn býður SíminnSport í heildsölu eins og er áhugamál Samkeppniseftirlitsins. Þannig verður tíminn að leiða í ljóst hvort slíkir samningar muni skila fleiri greiðandi áhorfendum. Lykilatriði er að aðilar nái hagkvæmum viðskiptalegum samningum sem leiða til þess að fleiri noti þá þjónustu sem um ræðir. Ef heildsölusamningar skila færri áhorfendum eða draga úr sölu er hætt við að verð til neytenda muni hækka vegna fleiri milli-liða á jafn stórum eða minnkuðum markaði.“

Samkeppniseftirlitið mun taka ákvörðun í málinu eftir að hafa tekið andmæli og gögn Símans til greina.

Starfsmenn FME verða áfram á sínum stað

Meginstarfsemi Fjármálaeftirlitsins verður áfram í Turninum á Höfðatorgi eftir að samruninn við Seðlabankann er genginn í gegn og þangað til annað kemur í ljós. Þetta staðfestir Fjármálaeftirlitið í svari til Markaðarins en starfsmönnum þess var á dögunum greint frá þessari tilhögun.

„Ekkert hefur verið endanlega ákveðið í þessum efnum, en líklegt er að meginstarfsemi Fjármálaeftirlits verði í Katrínartúninu fyrst um sinn,“ segir í svari FME við fyrirspurn Markaðarins.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra hefur áður sagt að ekki sé stefnt að fækkun starfsmanna hjá sameinaðri stofnun FME og Seðlabankans. Starfsmenn FME eru sem stendur 115 talsins en í Seðlabankanum voru þeir 181 í árslok 2018.

Samkvæmt nýsamþykktum lögum mun sameiningin ganga í gegn um áramótin. Þrír varaseðlabankastjórar verða undir Ásgeiri Jónssyni, nýráðnum seðlabankastjóra, og tekur Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri FME, við stöðu varaseðlabankastjóra sem leiðir málefni fjármálaeftirlits.

» Starfsmenn FME eru sem stendur 115 talsins en í Seðlabankanum voru þeir 181 í árslok 2018.

Í nýlegu viðtali við Viðskiptablaðið sagðist Unnur ekki hafa upplifað sérstaka þörf á því að sameina stofnanirnar og ekki sjá fram á grundvallarbreytingu á starfsemi FME við sameiningu við Seðlabankann.

„Það er verið að teikna þetta svölitið þannig upp að við viðhöldum okkar innviðum, bæði á dýptina og breiddina,“ sagði Unnur. Þá yrði starfsemi eftirlitsins að einhverju leyti aðskilin annarri starfsemi bankans til þess að „verja Seðlabankann þegar eftirlitið tekur ákvarðanir sem styr stendur um“.

– þfh

Eignatengsl geta valdið Högum vanda

Ólafur Guðmundur Adolfs-son heldur eftir 10 prósentu eignarhlut í Reykjavíkur Apóteki á móti Högum og verður framkvæmdastjóri lyfjaverslunarinnar. Eignarhlutur hans í öðru apóteki getur þó skapað samkeppnisvandamál ætli Hagar að opna fleiri lyfjaverslanir.

Þetta kemur fram í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að samþykkja samruna Haga og Reykjavíkur Apóteks sem var í eigu Guðmundar Reykjalin, Margrétar Birgisdóttur, Hjördisar Ásberg og Ólafs G. Adolfssonar. Ólafur er sá eini sem heldur eftir hlut en hann fer úr 25 prósentum niður í 10 prósent.

Ólafur á einnig þriðjungshlut í Apóteki Vesturlands og verður engin breyting á því í kjölfar samrunans. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins kemur fram að slík eignatengsl á milli fyrirtækja geti valdið vandamálum út frá sjónarmiðum í samkeppnisrétti. Reykjavíkur Apótek og Apótek Vesturlands séu hins vegar ekki starfrækt á sama landfræðilega markaðnum og sökum takmarkaðrar hlutdeildar Reykjavíkur Apóteks á markaðnum séu áhrif þessara eignatengsla á samkeppni hverfandi. Samkeppnis-



Finnur Árnason, forstjóri Haga. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ljóst er að hyggist Hagar opna lyfjaverslanir utan starfssvæðis Reykjavíkur kunni framan- greind eignatengsl að skapa samkeppnisleg vandamál

Samkeppniseftirlitið

eftirlitið sá því ekki ástæðu til að gripa til íhlutunar vegna þessara eignatengsla sem myndast vegna samruna Haga og Apóteks Vesturlands.

„Þó er ljóst að hyggist Hagar opna lyfjaverslanir utan starfssvæðis Reykjavíkur Apóteks kunni framan- greind eignatengsl að skapa samkeppnisleg vandamál,“ segir í ákvörðuninni.

Reykjavíkur Apótek rekur verslun að Seljavegi 2 í Reykjavík og nam velta félagsins á síðasta ári 280 milljónum króna. Sem kunnugt er tók Samkeppniseftirlitið ákvörðun sumarið 2017 um að ógilda samrunann sem áformaður var með kaupum Haga á öllu hlutafé í Lyfju. – þfh



HP PageWide

Ný kynslóð prentara



Afköst



Mikil afköst
og hámarks upptími

Lágt blaðsíðuverð



Ódýrari litaprentun
og frábær prentgæði

Öryggi



Varnir gegn árásum
og reglulegar uppfærslur

Umhverfisvænir



Minni hylki, minna rusl
og margfalt minni orkunotkun
en í laserprenturum

HP PageWide fjölnotaprentarar

Öruggir, snjallir og afkastamiklir

Prentaðu á skilvirkari hátt með nýju HP PageWide Pro prenturunum sem byggja á byltingarkenndri prenttækni HP.



95% minni
rekstrarvara og úrgangur
en ef um sambærilega
laserprentara væri
að ræða.

Láttu okkur sjá um prentreksturinn

Opin Kerfi getur séð um allan rekstur prentumhverfisins sem inniheldur m.a. HP prentlausnir, rekstrarvöru og alla þjónustu ásamt vöktun sem tryggir að pappír og blek er sent þegar lágmarksstöðu er náð. Fyrir þessa þjónustu og alla rekstrarvöru er greitt fast blaðsíðuverð* á samningstímanum.

*nánar tilgreint í samningi.

 **Opin Kerfi**
– allt er mögulegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is



Þorvaldur segir að sá tími muni renna upp að byggja þurfi nýtt atvinnuhúsnæði í nokkrum mæli. Sú vinna kostar meira en sem nemur markaðsvirði í dag. Það muni hækka verðinu.

Dró úr byggingu eigin íbúða fyrir einu c

Þorvaldur Gissurarson, forstjóri ÞG Verks, segir að erlendir verktakar vanmeti oft markaðinn og því hafi starfsemi þeirra hér yfirleitt verið rekin með tapi. Efnahagsþróun setti strík í reikninginn varðandi sölu á Hafnartorginu. Önnur verkefni á hans vegum seljist vel.

Helgi Vífill
Júliusson
helgivifill@frettabladid.is



Þorvaldur Gissurarson hefur byggt upp verktakafyrirtækið ÞG Verk sem er með um 200 starfsmenn, fasteigna-þróunarfélagið Arcus sem reisti meðal annars byggingarnar á Hafnartorgi og fasteignafélagið Reykjastræti sem vinnur meðal annars að því að standsetja eina af stærri skrifstofubyggingum landsins við Urðarholt 8 eftir kaup af fjármálastofnun.

Þú varst þritugur þegar þú stofnaðir ÞG Verk árið 1998. Hvernig var upphafið?

„Á þeim tíma hafði ég þegar með höndum nokkuð umsvifamikinn rekstur á eigin kennitölu. Það er eflaust þess vegna sem fyrirtækið óx hratt. Áður en ég útskrifaðist sem húsasmíðameistari var ég kominn með fólk í vinnu. Upphaflega rak ég fyrirtæki með félaga mínum en svo skildi leiðir og ég hélt áfram að reka byggingarfyrirtæki. Á þeim tíma var ég að reyna að átta mig hvert ég vildi stefna með líf mitt, ég flutti tímabundið utan og fór í viðskiptanám. Það varð úr að ég byggði upp þetta fyrirtæki.

Við stofnun ÞG Verks steig ég fyrstu skrefin í að byggja fjölbýlishús fyrir eigin reikning. Áður hafði ég verið í minni verkefnum eins og

að reisa rað-, par- og einbýlishús á eigin vegum ásamt minni tilboðs- og útboðsverkum.“

Það kom skemmtilega á óvart að þremur árum eftir stofnun ÞG Verks var þér treyst fyrir að reisa nýjar höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur.

„Ég einbeitti mér að útboðum fyrir opinbera aðila. Ég hafði áður unnið nokkur verkefni fyrir Orkuveituna og forvera hennar Hitaveitu Reykjavíkur. Sömuleiðis hafði ég unnið fyrir Reykjavíkurborg. Við reistum til að mynda fjórða áfanga Nesjavallavirkjunar árið 2000.“

Dregið úr eigin verkefnum
Hvort er ÞG Verk að byggja meira fyrir þig eða aðra?

„Frá stofnun hefur skiptingin verið nokkuð jöfn, yfirleitt er um helmingur útboðsverk og helmingur byggingar fyrir eigin reikning. En það er breytilegt eftir tímabilum. Eftir að við komumst vel af stað eftir hrúnið, eða frá árinu 2014, hefur vægi eigin verkefna verið mun meira, nálægt 80 prósent af veltu, þar til núna. Hlutfallið er að færast aftur á svipaðar slóðir og áður, og er nálægt því að vera um helmings skipting. Við höfum dregið úr eigin verkefnum og bætt við okkur reikningsverkum.“

●● Þegar áætlanir breytast getur það haft tímabundnar afleiðingar en við erum ekki að glíma við vanda.

Var það meðvitund ákvörðun?
„Já, það var meðvitund ákvörðun. Við máttum stöðuna þannig fyrir einu og hálfri ári síðan að það væri hyggilegt að draga úr íbúðaframleiðslu. Til að fylla í skarðið, en ÞG Verk státar af töluverðri framleiðslugetu, var ákveðið að leggja aukna áherslu á reikningsverkefni. Það hefur gengið ágætlega.“

Hvað var það í landslaginu sem fékk þig til að draga úr verkefnum?

„Það var óvissa í efnahagslífinu og fjöldi íbúðabygginga í pípunum. Það var því fyrirsjáanlegt að framboðið myndi aukast. Á sama tíma hafði dregið úr aðgengi íbúðakaupenda að lánsfjármagni því bankarnir gerðu stífari körfur í greiðslu-

mati. Við skynjuðum sömuleiðis að bankarnir væru farnir að halda að sér höndum varðandi útlán til byggingarframkvæmda.“

Er stærðarhagkvæmni í verktakarækstri?

„Já, hún skiptir heilmiklu máli.“
Telur þú að verktakar muni sameinast til að geta tekið þátt í stærri verkefnum í fyrirsjáanlegri framtíð?

„Það kæmi mér á óvart. Það hefur ekki verið mikið um sameiningar í gegnum tíðina og mér þykir ekki líklegt að það verði raunin.“

Erlendir vanmeta markaðinn
Nú er stórt ítalskt verktakafyrirtæki, Rizzani de Eccher, að hefja innreið á markaðinn og á meðal annars í samstarfi við Kaldalón.

„Já, vonandi gengur þeim vel. Fjöldi erlendra verktaka hefur reynt fyrir sér hér á landi og næstum því allir eiga það sameiginlegt að hafa horfið af markaðnum nokkuð fljótt í kjölfar mikils taprekstrar. Ég óska þeim alls hins besta. Aukin samkeppni er af hinu góða.“

Af hverju heldurðu að það sé? Hvað klikkar hjá þeim?

„Að mínu mati vanmeta þau markaðinn. Fyrirtækin átta sig ekki á rekstrarumhverfinu. Hér þarf til að mynda að haga aðföngum með öðrum hætti en á meginlandinu



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

og hálfu ári

enda erum við á eyju. Flutnings-kostnaður er því meiri, vöruúrval minna og fleira. Veðurfar er verra en á flestum stöðum í Evrópu sem getur skipt sköpum við byggingu mannvirkja og regluverkið er annað. Vinnulögin eru með öðrum hætti en víða annars staðar. Launin eru almennt mun hærri en það hefur því miður stundum verið misbrestur á að því sé fylgt eftir að erlend fyrirtæki greiði það sem starfsmönnum ber í samræmi við lög og reglur. Það skekkir samkeppnina.

Við höfum reynt þetta á eigin skinni í okkar verkefnum erlendis. Það er alltaf erfitt að fara út fyrir heimahagana, stofna til nauðsynlegra viðskiptatengsla, kynnst regluverkinu og ná utan um þær kröfur sem gerðar eru í hverju landi. Þetta er erfitt, dýrt og tímafrekt. Þar fyrir utan er Ísland afskaplega lítið markaðssvæði miðað við önnur svæði í Evrópu. Það er því erfitt fyrir erlend fyrirtæki að ná fótfestu.“

Er ÞG Verk enn að sinna verk-efnum erlendis?

„Umsvifin voru mest erlendis á árunum eftir hrún. Árið 2006 höfum við starfsemi í Færeyjum í kjölfar kaupa á gamalgrónu félagi og árið 2011 tókum við þátt í verk-efnum í Noregi. Við höfum einnig

sinnt verkefnum á Grænlandi og í Þýskalandi. Þegar verkefnunum sem við tókum að okkur eftir hrún lauk drögum við okkur út úr verk-takastarfsemi í löndunum en ég er enn með rekstur í Færeyjum sem þjónustar verktaka. Þar í landi er í rekstri steypustöð, innflutningur á sementi, kranabjónusta og ein-ingaverksmiðja. Sá rekstur gengur ágætlega.“

Hætti í Samtökum iðnaðarins
Af hverju dróst þú ÞG Verk út úr Samtökum iðnaðarins nýverið?

„Það snérist um gjaldtöku vegna aðildarinnar. Mér þykir hún of há.“

Hvað kostar aðild fyrir fyrirtæki eins og þitt?

„Gjaldið er margar milljónir. Það er eins og með aðrar vörur eða þjónustu sem eru keyptar á markaði, þú ert einungis reiðubúinn að greiða fyrir það sem þér þykir virðið vera. Auk þess er þetta hluti af aðhaldi í rekstri. Undanfarin tvö ár hefur verið þörf á að beita aðhaldi og sú þörf er enn til staðar. Þetta er einn liður í því.“

Hefur starfsmönnum verið sagt upp til að gæta aðhalds í rekstri?

„Nei, starfsmönnum hefur ekki fækkað. Starfsmenn ÞG Verks eru um 200 auk þeirra sem starfa fyrir systur- og dótturfélag. Við rekur

stóran hluta af okkar starfsemi með undirverktökum sem eru ekki á launaskrá hjá okkur. Það gefur okkur sveigjanleika í rekstri til að bregðast hratt við breyttum aðstæðum.“

Er mikilvægt í fasteignaþróun að reka eigið byggingarfélag?

„Að okkar mati er það nauðsynlegt. Við erum að framleiða handverk sem byggir á þekkingu og reynslu. Til að tryggja gæðin er erfitt að treysta alfarið á aðra. Hið sama á almennt við um framleiðslu á öðrum vörum.“

Hafnartorg kostar 13 milljarða
 Þorvaldur keypti hluta af Hafnartorgi árið 2016. Félag á hans vegum reisti byggingarnar á svæðinu, vinnur að sölu íbúðanna og leigir út skrifstofurýmið. Fasteignafélagið Reginn, sem skráð er á hlutabréfamarkað, keypti verslunarrýmið á svæðinu árið 2014.

Hann segir að uppbyggingin á hans vegum muni kosta um 13 milljarða króna og að „vel innan við helmingur“ af byggingarkostnaði hafi verið tekinn að láni. „Það er auðvitað búið að selja hluta af fasteignunum.“

Hvert var tækifærið á Hafnartorgi?

„Þetta er afskaplega spennandi verkefni með miklum möguleikum. Það er sjaldgæft að bjóðist að hefja uppbyggingu á jafn stóru svæði innan miðbæjarins, hvort sem lítið er til útlanda eða hingað heim. Það er mikil áskorun og gaman að fá að taka þátt í að byggja upp svæði sem breytir borgarmyndinni.

Við þróuðum ekki svæðið heldur bauðst okkur að kaupa það þegar þróun og hönnun hafði verið lokið. Það er óvenjulegt fyrir okkur, venjulega viljum við koma að verkefnum alveg frá upphafi en okkur þótti þetta vera spennandi og gott viðskiptatækifæri.“

Salan gengur hægar
Hver er staðan á Hafnartorgi núna?

„Það er ekkert launungarmál að það hefur gengið hægar að selja íbúðirnar en gert var ráð fyrir. Við erum engu að síður að selja íbúðir og erum nokkuð kát með það.“

Af hverju heldurðu að salan á íbúðunum hafi gengið hægar en gert var ráð fyrir á Hafnartorgi?

„Það eru eflaust margar skýringar á því. Mögulega ofmátum við þann hóp kaupenda sem eru á höttunum eftir raunverulegum gæða íbúðum í miðbænum eins og þekkjast víða erlendis.

Við lögðum mikið í hönnun, frágang, efnisval og yfirbragð íbúðanna. Eftir á að hyggja hefði kannski verið vænlegra að framleiða og selja ódýrari íbúðir eða blanda saman ódýrari íbúðum við gæða íbúðir. En við erum ánægð með útkomuna, íbúðirnar á Hafnartorgi eru afar glæsilegar.

Það sem setti þó stærsta strikið í reikninginn var efnahagsþróun í landinu. Hún vinnur ekki með verk-efnum á borð við þetta. Það er erfitt að spá fyrir um þróun efnahagsmála á Íslandi. Verkefni af þessari tegund tekur þrjú til fjögur ár í vinnslu eftir að hönnun er lokið og á þeim tíma getur margt breyst í efnahagslífinu, eins og gerðist í þessu tilviki. Það hefur áhrif á söluna.

Annað sem kemur til er að mikið hefur verið byggt á miðborgarsvæðinu, þótt byggingarnar séu ekki í hjarta miðbæjarins, eins og í tilviki Hafnartorgsins. Það hefur áhrif þegar mikið framboð safnast upp á markaðnum.

Í sjálfum sér má alltaf búast við staðan spillist með þessum hætti.“

Á Hafnartorgi eru 70 íbúðir. Hvað hafa margar selst?

„Það hafa 23 íbúðir selst og við höfum einnig leigt nokkrar íbúðir, meðal annars til sendiráða. Af 70 íbúðum er því tæplega helmingurinn kominn í notkun.“

Aðspurður segir hann að upphaflega hafi verið gert ráð fyrir því að meðalfermetraverð yrdi rúmlega 900 þúsund krónur. Hafa þurfi á huga að ekki sé sama fermetraverð á

Mögulega ofmátum við þann hóp kaupenda sem eru á höttunum eftir raunverulegum gæða íbúðum í miðbænum eins og þekkjast víða erlendis.

öllum íbúðunum, það fari eftir staðsetningu og stærð íbúðanna. „Út frá því meðalverði var hönnun og frágangur íbúðanna ákvarðað.

Auk þess hefur gengið ágætlega að leigja út skrifstofurýmið þótt enn sé nokkuð laust. Nýverið sömdum við við Evrópusambandið um leigu á hæð í húsinu sem hýsir tískuverslunina COS.“

Hefur lægra verð mikil áhrif á framlegðina af verkefninu?

„Það gerir það óhjákvæmilega.“

Ertu engu að síður réttum megin við strikið?

„Við erum kát.“

Tímabundnar afleiðingar
Eru félög eins og fasteignaþróunarfélag þitt Arcus að glíma við lausafjáranda í ljósi þess að salan gengur hægar en gert var ráð fyrir?

„Þegar áætlanir breytast getur það haft tímabundnar afleiðingar en við erum ekki að glíma við vanda. Það þarf einfaldlega að breyta áætlunum og hluti af því sem við gerðum var að draga úr íbúðaframleiðslu og draga úr kostnaði. Þetta eru hefðbundnar ráðstafanir sem ég hef oft gert áður. Þetta er ekkert nýtt, það koma upp svipaðar aðstæður hjá öllum fyrirtækjum og á meðan getur lausafjárstaðan verið erfið eins og flest fyrirtækja þekkjja.

Að því sögðu er staðan þannig að það eru ekki vandamál í rekstrinum heldur eru forsendur aðeins breyttar í efnahagslífinu. Það er mikið að gera og afkoman er fin. Það væri fullkomin rangtúlkun að halda því fram að það væri mikið að í rekstrinum. Þvert á móti.

Að því sögðu er vert að nefna að mér þykir staða efnahagsmála hérlendis mun betri en umræðan gefur til kynna. Það hefur vissulega gefið á bátinn, WOW air varð til að mynda gjaldþrota, en efnahagslífið er engu að síður heilbriggt. Rekstur fyrirtækja stendur almennt ágætlega. Vandinn sem flest fyrirtæki eru að kljást við eru brattar kostnaðarhækkanir síðustu misserin en yfirleitt hefur velta ekki dregist saman. Það að fyrirtæki sýni aukid kostnaðaraðhald er í mínum huga fyrst og fremst verkefni til að takast á við en ekki vandamál.“

Þorvaldur bætir við að sala félagsins á fasteignum eforft er fram hjá Hafnartorgi hafi gengið vel. „Öll önnur verkefni hafa gengið mjög vel. Nýlega kláruðum við uppbyggingu á tæplega 300 íbúðum í Bryggjuhverfinu í Grafarvogi, þar eru einungis þrjár íbúðir eftir. Við höfum selt nánast allar íbúðirnar sem við reistum á Selfossi og salan á eignum í Urriðaholti gengur vel. Við erum sömuleiðis bjartsýn á sölu eigna á okkar vegum í Vogabyggð sem verða brátt boðnar til sölu.“

Eru bankarnir reiðubúnir að aðstöða ykkur við þessar aðstæður eða eru þeir erfiðir viðureignar?

„Eins og ég nefndi hafa bankar almennt dregið úr lánum sínum til fasteignaverkefna. Þannig er bankaumhverfið í dag en við eigum í góðu samstarfi við okkar viðskiptabanka og höfum yfir engu að kvarta þar.“

Eiginfjárhlutföll ÞG Verks og Arcus eru býsna ólík. Eiginfjárhlutfall ÞG Verks var hátt, eða 54 prósent við árslok 2018, en hlutfall Arcus var 14 prósent. Svo því sé haldið til haga var eigið fé þess engu að síður þrír milljarðar.

„Það er ekki hægt að bera þessi félög saman á þennan máta. Arcus er eignarhaldsfélag í fasteignaþróun sem er með á bókum sínum öll

verkefni í vinnslu. Þar með talið til dæmis íbúðir sem er búið að byggja og eru í sölu. Á sama tíma er ÞG Verk ekki að byggja fyrir eigin reikning og því eru engar eignir í byggingu á efnahagsreikningnum. Þar af leiðandi eru efnahagsreikningar fyrir-tækjanna gerólikir.

Efnahagsreikningur Arcus er stór, eignirnar námu um 22 milljörðum króna við árslok 2018. Þar er að finna heilmikið eigið fé í formi óinnleysts hagnaðar sem endurspeglast ekki í ársreikningnum fyrr en fasteignir hafa verið seldar.“

Laun helmingur af kostnaði
Hvernig hefur ykkur gengið að takast á við kostnaðarhækkanir?

„Launahækkanir hafa verið hraðar og miklar. Þær hafa sett strik í reikninginn enda er launakostnaður hlutfallslega mikill í okkar rekstri. Við framleiðslu íbúða er launakostnaður næstum því helmingur. Það hefur því verið áskorun að bregðast við tugprósenta hækkunum. Íbúðaverð hefur hækkað en ekki jafn mikið og laun og gjaldtaka sveitarfélaga sem hefur farið vaxandi. Þessir tveir kostnaðarliðir hafa hækkað mun meira en sem nemur hækkun íbúðaverðs.“

Eru sveitarfélögin að vinna á móti ykkur?

„Það horfir dálítið einkennilega við. Það er ansi skrítið þegar fulltrúar sveitarfélaga, ríkisstjórnarinnar og verkalyðsfélag tala fyrir þörfinni á ódýrari íbúðum en að á sama tíma er gjaldtaka sveitarfélaga í tengslum við nýbyggingar hækkuð ár frá ári. Sömuleiðis má horfa til gjaldaliða eins og innviðagjalda og fasteignagjalda sem hafa hækkað gegndarlaust og það algerlega að nauðsynjalaus á síðustu árum.

Öll þessi gjaldtaka, hvaða nafni sem hún nefnist, lendir á endanum hjá neytandanum.

Við getum getað ekki keypt lóðir þar sem lóðaverð hefur verið lækkað verulega til að koma til móts við þörf fyrir ódýrari íbúðir. Maður spyr sig: Þegar mikill skortur er á ódýrari íbúðum, hvers vegna þurfa sveitarfélögin að hagnast um fleiri milljónir á hverri einustu íbúð með sölu byggingarréttar?“

Hvernig horfir fasteignamarkaður með íbúðir við þér?

„Eftir miklar hækkanir á árunum 2015 til 2017, með tilliti til þess framboðs sem væntanlegt er og horfur í efnahagslífinu, tel ég líklegt að íbúðaverð verði nokkuð stöðugt næstu mánuði og misseri og það muni nokkurn veginn fylgja verðþróun eða vísitölu neysluverðs. Að því sögðu getur verið afskaplega erfitt að spá fyrir um þróun markaða á Íslandi. Þeir geta tekið miklum breytingum á stuttum tíma.“

En hvað með markaðinn með atvinnuhúsnaði?

„Þar eru önnur lögmál að verki sem byggja á afkomu fyrirtækja og öðrum hagstærðum. Undanfarin tvö ár hafa fyrirtæki almennt haldið að sér höndum og verið tregari til að ráðast í nýframkvæmdir. Það hefur áhrif á markaðinn. Það er töluverð hreyfing á eignum en enginn hasar.

Verð á atvinnuhúsnaði hækkaði á sama tíma og íbúðarhúsnaði en ekki nándar nærri eins mikið. En svo má spyrja sig, við hvað er verið að miða? Margir miðuðu við verð á atvinnuhúsnaði eins og það kom undan hruninu. Um var að ræða fullnustueignir sem voru að skolest út úr bönkunum. Það er ekki eðlilegt verð og var langt undir byggingarkostnaði.

Undir venjulegum kringumstæðum hlýtur verð að taka mið afframleiðslukostnaði og það er ef til vill að gerast núna. Ef verð atvinnuhúsnaðis er sett í samhengi við byggingarkostnað er verðið afar lágt. Til lengri tíma getur það ekki annað en hækkað. Sá tími mun renna upp að byggja þarf nýtt atvinnuhúsnaði í nokkrum mæli og þá mun sú vinna kosta meira en sem nemur markaðsvirði í dag. Það mun ýta upp verðinu. Hvenær það mun gerast treysti ég mér ekki til að segja um.“



Í minnisblaði Bankasýslu ríkisins sem fylgdi hvítbók stjórnvalda um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið var bent á skilvirkar leiðir til að minnka vaxtamun. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Áhrif skatta á vaxtakjör



Katrín Júlíusdóttir
framkvæmdastjóri Samtaka fjármála-fyrirtækja

Eitt af meginmarkmiðum lífskjarasamninganna var að leita leiða til þess að lækka vaxta- stig í landinu. Fjöldmörg tækifæri er að finna í rekstrarumhverfi fjármálafyrirtækja til að ná fram því markmiði og mikilvægt að allir leggist á eitt í því verkefni.

Í þessu samhengi má benda á að Bankasýsla ríkisins hefur bent á skilvirkar leiðir til þess að ná fram minni vaxtamun. Í minnisblaði Bankasýslunnar sem fylgdi hvítbók stjórnvalda um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið er bent á að hófleg

lækkun á eftirlitsgjaldi fjármála-fyrirtækja ásamt helmingslækkun á fjársýsluskatti á laun annars vegar og hagnað umfram milljarð hins vegar geta minnkað vaxtamun vaxtaberandi eigna og skulda úr 2,6 prósent niður í 2,3 prósent. Þessi útreikningur miðast við að stjórnvöld standi við áform ríkisfjármála-áætlunar um að lækka gjaldhlutfall bankaskattsins úr 0,376 prósent í 0,145 prósent í jöfnum skrefum á árunum 2020 til 2023. Því miður ákváðu stjórnvöld að fresta þeirri lækkun fyrr á þessu ári. Til viðbótar telur Bankasýslan að lækkun eiginfjárfækna og hagræðing sem skilar sér í lægri rekstrarkostnaði í tengslum við samstarf um rekstur sameiginlegra fjármálainnviða gæti leitt til þess að vaxtamunurinn færi niður í 2,1 prósent.

Ná þarf tökum á kostnaði

Í nýjustu útgáfu Fjármála, tímarits Fjármálaeftirlitsins, fjalla þeir Finnur Sveinbjörnsson, fram-

kvæmdastjóri bankasviðs, Elmar Ásbjörnsson, forstöðumaður áhættugreiningar á bankasviði, og Skúli Magnússon, sérfræðingur í fjárhagslegu eftirliti, um þær áskoranir sem íslenska bankakerfið stendur frammi fyrir um þessar mundir.

Sérfræðingar FME draga fram sterka stöðu íslensku bankanna en benda á sama tíma á að þeir standi frammi fyrir krefjandi aðstöðum. Styrkurinn felst meðal annars í háum eiginfjárfhúlföllum og sterkum efnahagsreikningi. Helstu áskoranirnar í rekstri bankanna snúa hins vegar að því að auka arðsemi og ná tökum á rekstrarkostnaði og annars vegar að gera þá betur í stakk búna til þess að takast á við breyttar aðstæður í efnahagslífinu.

Í greininni er bent á að arðsemi íslensku bankanna sé ekki fullnægjandi. Þannig var arðsemi Arion banka, Landsbankans og Íslandsbanka að meðaltali 6,1 prósent í fyrra og 6,8 prósent fyrstu þrjá mánuði þessa árs. Til samanburðar er bent á að í gögn frá Evrópska bankaftirlitinu sýni að meðaltal arðsemi ríflega 150 evrópskra banka var 7,1 prósent árið 2018.

Sérfræðingar FME segja að það sé ólíklegt að hluthafar íslensku bankanna muni til lengdar setta sig við svona lága arðsemi. Þeir sem fara með eignarhlut ríkisins í bankakerfinu ættu að taka þessi

Þessi skattlagning er fordæmalaus í evrópsku samhengi og ljóst er að arðsemi íslensku bankanna myndi batna umtalsvert ef skattaumhverfi þeirra væri fært í sambærilegt horf og þekkist á meginlandinu.

orð til sín en sem kunnugt er þá eru Íslandsbanki og Landsbanki enn í ríkiseigu.

20 milljarðar í ótekjutengd gjöld og skatta

Það sem einkennir rekstrarumhverfi íslenskra banka í samanburði við aðra banka á Vesturlöndum er sérislensk álagning opinberra gjalda. Um er að ræða sérstakan bankaskatt en álagning hans er um um 12 prósent af rekstrar-kostnaði bankanna. Þá er lagður fjársýsluskattur á launagreiðslur fjármálafyrirtækja og sérstakur fjársýsluskattur á hagnað fjármálafyrirtækja umfram 1 milljarð. Íslenskir bankar hafa á undanförunum árum verið að borga um 40 milljarða í opinber gjöld á ári. Helmingurinn af þessari upphæð, eða um 20 milljarðar, er ótekju-tengdur. Heildarvaxtatekjur stóru viðskiptabankanna hafa á undanförunum árum verið í kringum 100

milljarðar og eru því ótekjutengd gjöld um fimmtungur af þeirri upphæð.

Þessi skattlagning er fordæmalaus í evrópsku samhengi og ljóst er að arðsemi íslensku bankanna myndi batna umtalsvert ef skattaumhverfi þeirra væri fært í sambærilegt horf og þekkist á meginlandinu. Að sama skapi myndi virði eignarhlutar ríkisins í bankakerfinu aukast við slíkar breytingar.

Allir hagnast á bættu rekstrarumhverfi

Þung skattlagning sem ekki á sér hliðstæðu í nágrannalöndunum og er ótengd tekjum eða hagnaði dregur úr getu fjármálafyrirtækja til að þjóna efnahagslífinu og verður til þess að auka kostnað við fjármálaþjónustu. Það eykur kostnað sem bitnar á þeim vaxtakjörum sem fjármálafyrirtæki geta boðið heimilum og fyrirtækjum og skerðir þannig samkeppnishæfni efnahagslífsins. Fjármálafyrirtæki eru mikilvægur hluti samfélagsins og þátttakendur í flestum af stærstu fjárhagslegu ákvörðunum heimila og fyrirtækja. Því er nauðsynlegt að gagnrýni endurskoðun fari fram á skattaumhverfi fjármálafyrirtækja með það að markmiði að tryggja að þau geti fjármagnað fjárfestingar einstaklinga og fyrirtækja og ávaxt- að sparnað með sem skilvirkustum hætti.



Sterkt og gott samband

Ekkert mál hjá Vodafone

Það skiptir okkur máli að vera í góðu sambandi 24 tíma sólarhringsins. Ég þarf bara að biðja um það sem þarf og Vodafone sér um restina.

Nánar á vodafone.is/fyrirtaeki

Framtíðin er spennandi.
Ertu til?



vodafone
fyrirtæki



Stöðug eftirfylgni er grundvallaratriði

Svipmynd

Guðrún Erla Jónsdóttir

Nám: M.Sc. í markaðsfræði og alþjóða-viðskiptum. Er í doktorsnámi með áherslu á stjórnhætti og stefnu-tengt hlutverk stjórna. Rannsókn-arefni mitt snýr að eigendastefnu, tilurð, hlutverki og áhrifum á störf stjórna og stjórnenda.

Störf: Ég er stefnustjóri Orkuveitu Reykjavíkur. Tímabundið gegni ég stöðu framkvæmdastjóra Veitna, þar til nýr framkvæmdastjóri hefur störf.

Fjölskylduhagir: Ég á tvo dásamlega syni og tilheyrí samhentri stórfjölskyldu.

Guðrún Erla Jónsdóttir er stefnustjóri Orkuveitu Reykjavíkur og gegnir þessa dagana stöðu framkvæmdastjóra Veitna þar til nýr framkvæmdastjóri hefur störf. Guðrún verður með erindi á alþjóðlegu ráðstefnunni Bold Strategy Summit sem verður haldin 23. september í Hörpu en þar mun hún fjalla um nýja strauma í innleiðingu stefnu.

Hver eru þín helstu áhugamál?
Ég er svo lánsöm að starfa við það sem ég hef áhuga á. Þess utan á jóga og samvera með stórfjölskyldunni hug minn.

Hvernig er morgunrútinan þín?
Mér finnst best að komast snemma af stað og hreyfa mig, helst að skokka og fá endorfínið til að flæða áður en dagurinn hefst fyrir alvöru.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Það er úr mörgu að velja en Dag-bók Önnu Frank kemur strax upp í huga mér. Bækur Isabel Allende eru líka í miklu uppáhaldi.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefnin undanfarin misseri?

Doktorsnámið er tímafrekt en jafnframt ákaflega skemmtileg. Það er áskorun að sameina nám og störf. En nám og starf tengist með beinum hætti og með því að ég samtvinni doktorsrannsókn starfi mínu sem stefnustjóra skapast líka spennandi tækifæri.

Hver verður kjarninn í erindi þínu á ráðstefnunni?

Hlutverk stjórna er snýr að stefnumiðaðri stjórnun má draga saman í eitt hugtak; stefnumiðaða stjórnarhætti. Með stefnu-



Guðrún Erla segir að það sé áskorun að sameina doktorsnámið og starfið en í því felist einnig tækifæri. MYND/ÍRIS DÖGG EINARSDÓTTIR

miðuðum stjórnarháttum er átt við það vinnulag og þær aðferðir sem stjórn nýtir til að sinna stefnu-tengdu hlutverki sínu og til að tryggja það að samræmi sé á milli stefnu og aðgerða þannig að markmiðum verði náð.

Kjarni erindis mín snýr að því hvernig stefnumiðaðir stjórnar-hættir birtast og hafa áhrif í flók-inni og umfangsmikilli starfsemi samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Það er mikilvægt að allar rekstrareiningar innan OR starfi eftir samræmdum stjórnarháttum og stjórn samstæðunnar hafi nauð-synlega yfirsýn til að sinna stefnu-tengdu hlutverki sínu.

Reynslan hefur kennt okkur að það er lykilatriði að æðstu stjórn-endur liti á innleiðingu stefnu

sem grundvallarverkefni og það að skila stefnumiðuðum árangri sé jafn mikilvægt og fjárhagslegur árangur fyrirtækis. Samræmt verk-lag (stefnumiðaðra stjórnarhátta) er mikilvægt í þessu samhengi en þó ekki það eina sem skiptir máli. Fyrirtæki eru byggð upp af fólki. Allt sem þar gerist er byggt á mann-legri hugsun og hegðun. Þess vegna skiptir öllu máli að það sé ekki ein-göngu fyrir hendi vel útfærð stefna og stefnuáætlun.

Það þarf líka að vera fyrir hendi menning og hugarfar sem styður við áherslur stefnunnar og þar með þann árangur sem henni er ætlað að skila. Það sem ótvírætt styður þá menningu er að framvinda stefnu og markmiða sé sýnileg og hægt sé að fylgjast með árangri með

Reynslan hefur kennt okkur að það er lykilatriði að æðstu stjórnendur liti á innleið-ingu stefnu sem grund-vallarverkefni og það að skila stefnumiðuðum árangri sé jafn mikilvægt og fjárhagslegur árangur fyrirtækis.

einföldum hætti. Slíkt auðveldar reglulegt endurmat á vegferðinni og skapar möguleika á ráðstöfunum í tíma.

Í rekstrarumhverfi þar sem breytingar og óvissa fara stig-vaxandi er stöðug eftirfylgni og endurmat algjört grundvallaratriði eð fyrirtækin eiga að geta fótad sig í þessu umhverfi.

Ef þú þyrftir að velja allt annan starfsframa, hver yrði hann?

Ég hugsa að ég færi í jógakenn-aranám og myndi einbeita mér að því að boða fagnaðarerindið.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár?

Ég hef sett mér markmið sem ég vinn að en mér finnst samt sem áður afskaplega gott að áætla ekki um of og leyfa hlutunum að þróast og taka hverri áskorun fagnandi.

VÍS sagði upp átta starfsmönnum fyrir helgi

Tryggingarfélagið VÍS sagði upp átta starfsmönnum fyrir helgi. Þeir störfuðu þvert á deildir. Þetta staðfestir Óskar Hrafn Þorvaldsson, upplýsingafulltrúi fyrirtækisins, í samtali við Markaðinn og nefnir að breytingarnar séu skref í átt að því að fyrirtækið nýti stafræna tækni í ríkari mæli.

„Við erum í einhverjum skilningi að umbreyta hefðbundnu tryggingarfélagi. Markaðurinn er að þróast hratt. Allar okkar aðgerðir miðast við að verða tilbúin til að takast á við þær áskoranir sem eru fram undan,“ segir hann.

Tryggingarfélög horfa í auknum mæli til stafrænnar tækni. Í gær var upplýst að Guðmundur Óskarsson hefði verið ráðinn sem forstöðu-maður sölu- og markaðsmála hjá VÍS. Hans helsta verkefni er að leiða sölu- og markaðsmál fyrirtækisins í gegnum stafrænar leiðir. Hann var áður framkvæmdastjóri sölu- og

Við erum í ein-hverjum skilningi að umbreyta hefðbundnu tryggingarfélagi.



Óskar Hrafn Þorvaldsson, upplýsinga-fulltrúi VÍS

markaðssviðs Icelandair. Hagnaður VÍS á öðrum ársfjórð-ungi var 1,3 milljarðar króna saman-borið við 291 milljónar króna tap á sama tímabili fyrir ári. Samsett hlut-fall var 96 prósent miðað við 109 prósent á sama tíma fyrir ári. – hvj

Féllu frá fimm milljóna evra kröfum

Þrotabú Marorku International og dótturfélög féllu frá kröfum að fjárhæð 5,2 milljónir evra, jafnvirði tæplega 730 milljóna króna, gagnvart Marorku ehf. en það selur orkustjórnunarkerfi og hugbúnað í stór skip. Niðurfelling krafna var gerð samhliða kaupum lykilstjórnenda á félaginu. Þeir keyptu einnig Marorku Singapore PTE. Þetta kemur fram í ársreikn-ingi Marorku ehf. fyrir árið 2018.

Kaupin má rekja til þess að í febrúar 2018 varð móðurfyrirtækið Marorka International úrskurðað gjaldþrota. Í kjölfar þess sömdu lykilstarfsmenn Marorku ehf. um kaup á fyrirtækinu. Á sama tíma féll Marorka ehf. frá kröfum gagn-vart Markroku Singapore PTE að fjárhæð 394 þúsund evrur. Hlutfé Marorku ehf. var jafnframt aukið um 34,3 þúsund evrur eða tæplega fimm milljónir króna.

Starfsmönnum fækkaði um 25 eftir gjaldþrot móðurfélagsins og voru starfsmenn Marorku níu við



Lykilstjórnendur Marorku keyptu félagið af þrotabúi í fyrra. Gunnar Stef-ánsson, Darri Gunnarsson framkvæmdastjóri og Haraldur Orri Björnsson.

árslok 2018. Eftir endurskipulagn-ingu á fjárhag félagsins var eigið fé 1,1 þúsund evrur og eiginfjárlut-fallið 34 prósent við árslok 2018.

Tekjur fyrirtækisins drógust saman um þriðjung á milli ára og voru 2,2 milljónir evra árið 2018, jafnvirði 314 milljóna króna. Hagn-

aður fyrir afskriftir og fjármagnsliði var 111 þúsund evrur en árið áður var tapið um milljón evra. Fram kom í ársreikningi 2017 að rekstrar-kostnaður á fyrstu fimm mánuðum ársins 2018 hafi verið í hlutfalli við fyrri umsvif. Stjórnendur horfi því bjartir fram á veginn. – hvj

Skotsilfur



Dýrt gildismat

Gildi hefur beitt sér með virkum hætti til að framfylgja hluthafastefnu sinni, nú síðast þegar sjóðurinn seldi nær allan hlut sinn í Brimi. Fyrir eignarhlutinn í Brimi fékk Gildi, en eignastýringu sjóðsins er stýrt af **Davíð Rúðólfssyni**, meðal annars hluta af bréfum FISK í Högum en sjóðurinn hafði áhyggjur af stjórnarháttum í útgerðarfélaginu. Frá því að gengið var frá viðskiptunum hefur gengið í Högum lækkað um 3 prósent á meðan Brim hefur hækkað um 11 prósent. Áhersla Gildis á góða stjórnarhætti kann því hafa verið dýru verði keypt.



Á afturfótunum

Stundum gengur allt á aftur fótunum. Því hefur **Bogi Nils Bogason**, forstjóri Icelandair, fengið að kynna. Flugfélagið helmingaði starfshlutfall 141 flugmanns og flugstjóra í fjóra mánuði á föstudag. Það eru verðmyndandi upplýsingar enda hækkaði markaðsvirðið í kjölfarið um fimm prósent. Vandinn er að fjölmiðlar voru einungis upplýstir um niðurskurðinn en ekki Kauphöllin. Fjárfestar sátu því ekki við sama borð. Daginn áður varð Icelandair að upplýsa að varaformaður stjórnar hefði ekki keypt í fyrirtækinu fyrir 77 milljónir, eins og tilkynnt var, heldur var hann einungis að færa eignarhlut sinn á milli félaga.



Dýr leiga

Sjóðurinn Horn III keypti 40 prósent hlut í bilaleigunni Hertz fyrir 1,16 milljarða 2018. Verðmæti hlutafjár félagsins var því 2,9 milljarðar eða sem nam þreföldu eigin fé og 30-földum hagnaði ársins 2017. Hertz tapaði 82 milljónum á síðasta ári og salan dróst saman í takt við gang ferðaþjónustunnar. Segja má að eigendur Hertz, þar á meðal **Sigfús B. Sigfússon**, hafi selt fyrir gott verð á góðum tíma. Og öfugt, að Horn hafi keypt á röngum tíma.



Eftirspurn eftir bílum dregst saman



Vinnuvél stendur við hlið haugs af pressuðum bílum. Eftirspurn eftir bílum hefur dregist saman á heimsvísu, sér í lagi í Kína þar sem samdrátturinn er sögulegur. Ein af ástæðunum er sú að kinversk stjórnvöld hafa dregið úr ívilnunum fyrir sölu rafbila. **NORDICPHOTOS/GETTY**

Á grænni grein



Agnar Tómas Möller forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpiter

Í byrjun sumars mátti gæta nokkurs titrings og óvissu á innlendum mörkuðum. WOW air fallið og Icelandair í erfiðleikum með að vinna sig út úr kyrrsetningu Boeing MAX vélanna. Hagvaxtarspár voru fremur svartsýnar, krónan að veikjast og verðbólguvæntingar á skuldabréfamarkaði fjarlægðust verðbólgu markmið. Nú í lok sumars er staðan önnur. Hagvaxtarspár hafa verið uppfærðar upp á við og greiningaraðilar eru minna svartsýnir. Þá hafa verðbólguvæntingar þokast á ný í átt að markmiði samfara því sem ró er að færast yfir markaði og krónan helst nokkuð stöðug. Það má því með sannni segja að jákvæður meðbyr hafi fylgt nýskipuðum seðlabankastjóra sem tók við embætti í ágúst síðastliðnum.

Í dag eru stýrivextir 3,5 prósent, sem eru lágir vextir í sögulegu samhengi en háir vextir miðað við erlenda stýrivexti og langtíma vaxtamunur á bilinu 2 til 4,5 prósent við flest önnur þróuð ríki. Það er þó margt sem bendir til þess að hinir íslensku stýrivextir muni þokast enn neðar á næstu misserum. Í fyrsta lagi má nefna að þótt nýbirtar tölur (og leiðréttar) um landsframleiðslu máli mynd af hagkerfi sem byrjað er að hægja nokkuð á sér, virðist lending hagkerfisins ætla að verða mjúk þar sem minnkandi innflutningur og sterkur vöruútflutningur er að þrýsta viðskiptaafgangi upp á nýjan leik, yfir 4 prósent á ársgrundvelli á fyrri helmingi árs, og erlend staða þjóðarbúsins heldur áfram að vaxa, nú yfir 20 prósent af landsframleiðslu. Í öðru lagi virðist sem svo að lítil hætta sé á verulegu gengisfalli þrátt fyrir þá miklu aðlögun sem hagkerfið hefur gengið í gegn um undanfarið. Þótt rúmlega 100 milljarðar hafi leitað út úr hagkerfinu fyrstu sjö mánuði ársins í formi hreinnar erlendrar verðbréfafjárfestingar, verður „einungis“ 5 prósent veikling krónunnar að teljast mikið styrkleikamerki fyrir íslenska hag-

Eitt mikilvægasta verk Seðlabankans og stjórnvalda á komandi vetri er að smyrja hjól fjármagnsmarkaðarins.

kerfið þegar stærsta útflutningsgrein þjóðarbúsins lendir í miklum áföllum á sama tíma og innlendir lífeyrissjóðir og erlender fjárfestingarsjóðir flytja umtalsverða fjármuni út úr hagkerfinu. Í þriðja lagi fara verðbólgukraftar hnígandi ef marka má nýjustu verðmælingu Hagstofunnar. Í nýbirtri verðbólgu mælingu ágústmánaðar er verðhjóðnun að mælast að undanskildum áhrifum útsöluloka. Virðist sem svo að verðbólgan fara þverrandi. Það, ásamt hinum sterku verðhjóðnunarkröftum sem eru að magnast upp í Asíu og Evrópu, bendir til þess að verðbólga fari í, og líklega undir, verðbólgu markmið Seðlabankans áður en langt um liður. Í ljósi þeirrar stöðu sem að ofan er lýst, ætti Seðlabankinn að geta beitt vaxtatekinu nokkuð óhindrað til að örva hagkerfið á næstu misserum gerist þess þörf, bæði til að lækka fjármagnskostnað heimila og fyrir-

tækja, sem og til að gera arðbærar fjárfestingar meira aðlaðandi. Það er hins vegar ákaflega óheppilegt að margt bendir til þess að þrátt fyrir lækkaði stýrivexti muni lánakjör bankanna til fyrirtækja þrýstast upp á komandi vetri. Bæði er það tilkomið vegna hás kostnaðar í bankakerfinu, íþyngjandi skattheimtu og hárra kvaða um bindingu eigin- og lausafjár. Einnig hefur álag á sértryggð skuldabréf, þau skuldabréf sem komast næst ríkisbréfum í öryggi og seljanleika, nær tvöfaldast og því munu há fjármögnunarkjör bankanna á skuldabréfamarkaði einnig endurspeglast í hækkaði kjörum til fyrirtækja. Eitt mikilvægasta verk Seðlabankans og stjórnvalda á komandi vetri er að smyrja hjól fjármagnsmarkaðarins. Skattlagning og lausa- og eiginfjákröfur bankanna þurfa að vera meira til samræmis við það sem gerist erlendis, hvetja þarf innlán, hvort sem heldur í bankakerfinu eða í Seðlabankanum, til að leita í arðsamari fjárfestingar og síðast en ekki síst þurfa bankarnir sjálfir að gera rekstur sinn hagkvæmari. Nú loksins þegar hillir undir lok „Vaxtaparadísar Norðursins“ væri verulega sorglegt ef heimili og fyrirtæki fengju ekki að njóta.

Samgönguráðherra endurskoði hug sinn gagnvart Leifsstöð

SKOÐUN

Helgi Vífill Júlíusson



Það er mikilvægt að selja Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Stjórnmalámennt, sama í hvaða flokki þeir standa, eiga að geta komið sér saman um að í það minnsta hluti af rekstri flugvallarins verði í höndum einkaaðila. Tvær ástæður eru fyrir því. Annars vegar er áformað að fjárfesta

fyrir líðlega 91 milljarð króna á næstu þremur árum til að stækka völinn. Það eru háar fjárhæðir sem ríkið gæti nýtt með skynsamari hætti. Auk þess eru fjárfestingar í ferðaþjónustu áhættusamar eins og dæmin sanna og óvarlegt að hætta opinberu fé í uppbygginguna. Hins vegar er stór hluti, eða 40 prósent, af farþegum flugvallarins einungis að millilenda. Þeir fara því ekki inn í landið. Stjórnmalámennt eiga því ekki að flokka alla Leifsstöð sem mikilvægan samfélagslegan innvið. Sá hluti flugvallar þar sem útlingingar, sem til dæmis eru

á leið frá New York til Parísar, bíða eftir tengiflugi er ekki mikilvægur samfélagslegur innviður. Þar fyrir utan gætu tækniframfarir í flugi gert það að verkum að minni og hagkvæmari flugvélar hætti að millilenda í Keflavík því að drægnin verði orðin meiri. Það væri blóðtaka fyrir reksturinn og skattgreiðendur sætu eftir með sárt enníð. Það er eins og Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra hafi ekki haft það í huga þegar hann sagði við Ríkisútvarpið á sunnudaginn að Framsóknarmenn

vildu að mikilvægir innviðir eins og Leifsstöð væru í eigu ríkisins. Hann sagði sömuleiðis að það væri ekki í stjórnarsáttmála að selja flugvöllinn. Aðstæður í efnahagslífinu voru hins vegar með öðrum hætti þegar ríkisstjórnarflokkarnir komu sér saman um helstu atriði. Það er eðlilegt við upphaf samdráttarskeiðs í efnahagslífinu að tekið sé til alvarlegrar skoðunar hvað megi betur fara í ríkisrekstrinum. Ísland yrði ekki eyland ef Leifsstöð yrði seld. Við yrðum þar í góðum hópi. Ríflega helmingur

flugvalla innan Evrópusambandsins er annaðhvort að mestu eða að öllu leyti í eigu einkaaðila, samkvæmt samantekt ACI, Alþjóðasamtaka flugvalla. Það væri hyggilegast að selja Leifsstöð að fullu enda er um áhættusaman rekstur að ræða sem færi betur í höndum einkaaðila. Við það mætti losa um umtalsvert fjármagn sem nýta má með betri hætti. Ef það er ekki hægt að hefja viðræður um það hlýtur að vera hægt að gera málamiðlun og selja hluta hans. Það eru miklir fjármunir í húfi.

KALDALÓN

Kaldalón hf. skráð í Kauphöll Íslands | First North



Kaldalón hf. er fasteignaþróunarfélag sem sérhæfir sig í byggingu íbúðarhúsnæðis.

kaldalon.is

Stjórnar- maðurinn



Rýr eftirtekja

Orkupakkamálið svokallaða var afgreitt af Alþingi í vikunni. Eftir allt sem á undan var gengið hlýtur niðurstaðan að vera andstæðing-um frumvarpsins mikil vonbrigði. Einungis einn stjórnarþingmaður gekk úr skafinu, allar tilraunir til undirskriftasöfnunar mistókust hrapallega og boðuð fjöldamót-mæli voru heldur máttlitið þegar á hólminn var komið.

Auðvitað hlýtur niðurstaðan að koma illa við þá sem hæst létu. Sigmundur Davíð og félagar geta þó huggað sig við að umræðan kringum Orkupakkamálið hefur komið þeim aftur á kortið að ákveðnu leyti. Klaustursmálið kálaði þeim ekki og Orkupakkinn hefur styrkt stöðu þeirra meðal sína kjarnafylgis.

Stærstu sigurvegararnir eru þó vafalaust Bjarni Benediktsson og yngri og frjálslyndara forystu-fólk í Sjálfstæðisflokksnum. Þrátt fyrir stanslausan hárlásara úr Hádegismóum frá fyrrverandi formanni flokksins – og and-legum leiðtoga Miðflokksmanna í Sjálfstæðisflokksnum – hefur þeim tekist að leiða málið til lykta.

Fyrir gamla forystumanninn og hans tryggustu skósveina hlýtur niðurstaðan að sviða. Úrslitin í forsetakosningunum 2016 virðast gefa ágætismynd af þeim kjör-pokka sem kappinn ber yfir meðal yngri kjósenda. Og útbreiðsla Morgunblaðsins kannski sömu-leiðis.

En svo aftur sé vikið að núver-andi forystu flokksins þá er þetta mögulega leiðarvisir um hvert skuli róa í framhaldinu. Ef Sjálfstæðisflokkurinn á að vera fjöldahreyfing getur hann ekki látið fortíðardrauga koma sér í ógöngur. Sennilega er mun farsælla að tala fyrir klassískum en um leið nútímalegum hægri áherslum. Frelsi í viðskiptum, áhersla á alþjóðasamskipti og agi í ríkisrekstri eru stefnumál sem til lengri tíma munu reynast flokknum mun betur en eltingar-leikurinn við popúlíska fagurgala allra flokka.

Forystan ætti að láta Miðflokkinn í Sjálfstæðisflokksnum lönd og leið. Sagan af Orkupakkamálinu er nefnilega um leið saga af umræðu þar sem skynsemisraddirnar sigruðu að lokum. Óskandi er að þetta séu fyrirheit um það sem koma skal og að okkur takist að forðast okkar eigin Trump, eða Brexit.



LOGOS hagnaðist um 469 milljónir



Þórólfur Jónsson, framkvæmdastjóri LOGOS

Hagnaður LOGOS, stærstu lögmannsstofu landsins, nam 469 milljónum króna á árinu 2018 og minnkaði um rúmlega 20 milljónir frá fyrra ári. Tekjur stofunnar jukust hins vegar lítillega á milli ára og voru um 2.070 milljónir á meðan rekstrargjöldin hækkuðu um 100 milljónir og námu 1.356 milljónum.

Á árinu störfuðu að meðaltali 75 starfsmenn í 66 heilsársstöðugildum hjá

LOGOS og hélst sá fjöldi óbreyttur á milli ára. Hluthafar félagsins eru 17 talsins og miðað við það nam hagnaður á hvern eigenda lögmannsstofunnar að meðaltali um 28 milljónum króna.

Í hópi eigenda Logos eru meðal annars hæstaréttarlögmennirnir Óttar Pálsson, Þórólfur Jónsson, sem er jafnframt framkvæmdastjóri, og Guðmundur Oddsson, sem stýrir starfsemi félagsins í London. – hae

02.09.2019

Þegar við tókum afstöðu til vandmeðfarinna mála gerum við það á grundvelli upplýsinga en ekki upphrópana. Á grundvelli staðreynda en ekki stóryrða.

Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins



Er bókhaldið ekki þín sterkasta hlið?

BÓKHALD | LAUN | SKATTUR | RÁÐGJÖF

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsvíllur | Vestmannaeyjar



pwc